

Íbúaráð Laugardals

b/t Heimir Snær Guðmundsson  
starfsmaður íbúaráða  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Ráðhús Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2020

Tilvísun í mál: USK2020050049

***Efni: Fyrirspurn íbúaráðs Laugardals um grenndargáma í hverfinu, R20050107***

Á fundi íbúaráðs Laugardals þann 11. maí 2020 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn sbr. 15. lið fundargerðar s.d.

*„Hver er staðan á framkvæmdum vegna grenndargáma og þ.m.t. djúpgáma í borgarhlutanum? Liggur fyrir heildstæð áætlun er varðar þessi mál? Umgengni við grenndargáma hefur verið ábótavant og óskar íbúaráð eftir því að umhverfi þeirra verði fegrað, op gáma stækkuð og íbúar hvattir til að ganga betur um gámanna.“*

Samhliða þeim framkvæmdum sem eru að hefjast í Laugalæk verður grenndarstöðin endurgerð með djúpgámum undir pappír, plast, málma og gler. Áformuð er endurgerð grenndarstöðvar við Gnoðarvog, þ.e. skipt um undirlag undir núverandi gámum, reist skjólgirðing og bætt við gróðri, auk þess sem aðkoma verður bætt. Unnið er að deiliskipulagi fyrir nýjar grenndarstöðvar með gámum á yfirborði við Sigtún og við Langholtsveg (sem kemur í stað stöðvar sem var áður við Holtaveg). Op gáma á yfirborði fylgja öryggisstöðlum sem eiga að fyrirbyggja að börn geti komist inn í gámanna og geti fest sig í upphífangarúnaði sem er inni í gámunum. Þjónusta við upphreinsun á stöðvum er aftur í eðlilegu horfi, en hún var skert á meðan á verkföllum og síðan COVID stóð. Farið var í sérstaka vorhreinsun og yfirborð við stöðvar sópað og smúlað auk þess sem rusl var tínt í nágrenni. Skilti var sett upp við Gnoðarvog til að hvetja til rétttrar notkunar. Almennt má búast við að í kjölfar endurgerðar megi með reglubundinni hreinsun halda umhverfi grenndarstöðva góðu.

Virðingarfyllt

Friðrik Gunnarsson

skrifstofa umhverfisgæða